

Fundargerð

Föstudaginn 9. Nóvember 2018, kl. 13:30- var fundur haldinn í stjórn **Byggðasamlags um atvinnu og menningarmál A-Hún.** Fundarstaður Þekkingarsetur á Blönduósi. Á fundinn voru mætt: Halldór G. Ólafsson, Guðmundur Haukur Jakobsson, Magnús Björnsson, Ragnhildur Haraldsdóttir, og Valdimar O. Hermannsson. Valdimar ritaði fundargerð.

Halldór G. Ólafsson, formaður setti fund og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð frá síðasta stjórnarfundum 31/08., undirrituð en hún hafði áður verið send út og samþykkt með tölvupóstum.

2. Textílmíðstöð Íslands, þekkingarsetur á Blönduósi.

Á fundinn mættu þær Elsa Arnardóttir og Jóhanna Pálmadóttir og kynntu hugmyndir að breytingum á skipulagsskrám bæði fyrir Textílsetur Íslands ses og Þekkingarsetrið á Blönduósi, með aukið samstarf og samvinnu í huga, þá með sameiginlegu fulltrúaráði og 5 manna stjórn, undir nýju nafni sem væri: *Textílmíðstöð Íslands, þekkingarsetur á Blönduósi.* Tillaga hefur þegar verið samþykkt á aðalfundi Textílseturs, og fyrir liggur að halda framhalds-aðalfund hjá Þekkingarsetrinu á næstunni. Síðan yrði sameiginlegur fundur, beggja stofnana í desember, sem myndi þá skipa í nýtt fulltrúaráð og stjórn m.v. breytingar. *Stjórnin staðfestir samþykktar breytingar á skipulagsskrám.*

3. Heimilisiðnaðarsafnið.

Fyrir fundinn kom erindi, frá forstöðumanni, f.h. stjórnar um: „*Rekstrarstyrkur til Heimilisiðnaðarsafnsins fyrir árið 2019*“ að upphæð 6.400.000 kr. Styrkur BMA, árið 2018 var 5.550.000- Stjórn vísar erindinu til afgreiðslu í fjárhagsáætlunargerð 2019.

4. Ferðamálafulltrúi A-Hún.

Valdimar kynnti þær hugmyndir sem uppi hafa verið um að sameiginlegur Ferðamálafulltrúi A.Hún., sem nú heyrir undir Ferðamálafélag A-Hún., myndi færast undir BAM, frá næstu áramótum, þar sem nú standa öll sveitarfélög, í sýslunni, að baki starfsemi Ferðamálafulltrúa, en voru það ekki í upphafi. Rætt var m.a. um tilurð og stjórn/nefnd um ferðamálafulltrúa, starfshlutfall, kostnað, og hvernig kæmi að fjárhagsáætlunum. *Stjórn BMA, telur að stefna skuli að yfirfærslunni eftir skoðun.*

5. Fjárhagsáætlun 2019.

Valdimar greindi frá hvernig undirbúningi og tilhögun að vinnu við fjárhagsáætlun væri háttað, en hún er unnin á skrifstofu Blönduósbæjar, eins og fyrri ár, en samþykkt á fundi stjórnar. Áætlað er að senda á stjórn, þegar tilbúin, fyrir lok nóvember.

6. Önnur mál:

- Rætt var um tilhögun leigu á sölum og aðstöðu, *innri leigu*, í húsnæði Kvennaskólans og tengdu húsnæði. *VOH skoðar*.
- Þá var umræða um stöðuna á viðhaldsverkefni húsanna, sem fékkst styrkur til, og hver væri fjárhagsstaða á því, og eins með mögulega útleigu húsanna eftir endurbætur.
- Fyrirspurn kom fram um stöðuna á uppbyggingu Gagnavers, og hver staðan á því máli væri, þar sem lítið væri um fréttir. VOH & GHJ, upplýstu um góðan gang í framkvæmdum og að nánari fréttu væri að vænta, með fréttatilkynningum ofl.

Fleira ekki fyrir tekið
Fundu slitið kl. 15:00-
